

HULA - byggðasamlag um sorpmeðferð
Austurvegi 17
870 Vík

Selfoss, 20.10.2023
UST202301-232/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 28. ágúst 2023 - Hula bs., Skógasandi

Þann 28. ágúst sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Hulu bs. á Skógarsandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Umhverfisstofnun óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur samfara eftirliti ársins, 2022 er varðar skilum á niðurstöðu skráninga. Engum áætlunum var skilað við lok tímafrests sem þá miðaðist við 12. janúar 2023.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Urðunarstaður ber sýnileg merki um óheimilaðar losanir. Bæði þá innan urðunarstaðar sem og umhverfis hann. Þá hefur úrgangur verið losaður sem samræmist ekki heimildum í starfsleyfi. Taka þarf til á svæðinu og koma úrgangi í endurnýtingarferli ef slíkt er mögulegt, og þá í réttan farveg förgunar ef svo er ekki. Girða þarf svæðið af, setja upp hlið og takmarka aðgengi og koma þannig í veg fyrir óheimilaðar losanir.

Sex frávík komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Á Skógasandi var urðað 768,840 tonn af úrgangi árið 2022, sem fer 92,2% umfram heimild í starfsleyfi (400 tonn).
2. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal halda athafnasvæði urðunarstaðar snyrtilegu ásamt því að aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður. Umgengni á urðunarstað telst ekki góð og auðvelt er að komast inn svæðið þar sem aðgengi er ótakmarkað.
3. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Engin viðbragðsáætlun er til staðar. Rekstraraðila ber að gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 18 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

4. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Við móttöku úrgangs skal fara fram sjónrænt mat svo úrgangur samræmist móttökuskilyrðum. Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum úrgangs skal hafnað. Einnig skulu skráningar á magni og tegundum úrgangs vera í samræmi við flokkun í reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang.
5. Gr. 5.1/5.2 í starfsleyfi. Skráningar innra eftirlits, það vantar skráningar á liðum 3.-7., ásamt veðurfarsmælingum. Það má styðjast við upplýsingar frá nálægri veðurstöð. Rekstraraðili skal vakta grunnvatn, þ.e. stöðu og samsetningu grunnvatns ásamt mengunarefnum í jarðvegi. Að auki skal skrá eftirlit, viðhald og tæmingar á olíuskilju sem tengist stöfnunarstöð sbr. 3.6 í starfsleyfi.
6. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1., fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár og er hann einn ábyrgur fyrir skilum á öllum skráningum er falla undir starfsleyfið.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 6. nóvember 2023.

Virðingarfyllt

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur